


Vegna fyrirspurnar frá fjárlaganefnd, er hér að neðan að finna fyrirliggjandi upplýsingar frá embætti ríkislögreglustjóra sem varða hraðamyndavélar og úrvinnslu hraðasekta.

1. Sjálfvirkni við útsendingu og úrvinnslu hraðasekta.

Neðangreind mynd sýnir fjölda hraðakstursbrota frá 2009 til 2022. Á myndina má sjá sundurgreiningu á því hvort um var að ræða sjálfvirka myndavél eða hraðamælingu og fjölda þeirra brota sem afgreidd voru að hluta með sjálfvirkum hætti árin 2021 og 2022.



2. Hraðasektir vegna hraðamyndavéla, flokkaðar eftir því hvort þær voru sendar frá Reykjavík, landsbyggðinni eða lögreglubifreiðum.

Þessar upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi hjá embætti ríkislögreglustjóra.

3. Yfirlit sem sýnir álagningu og innheimtuárangur sekta vegna erlendra ferðamanna undanfarin fimm ár.

Neðangreind tafla sýnir heildarupphæð hraðasekta árin 2021 og 2022. Taflan sýnir einnig þær fjárhæðir sem voru greiddar og þær fjárhæðir sekta sem voru niðurfelldar, m.a. vegna þess að ökumaður var erlendur.

| 2021 | | | |
|------------|---------------|-------------|----------------|
| | Heildarupphæð | Afsláttur | Greitt/ógreitt |
| Greitt | 448.062.758 | 111.500.250 | 336.562.508 |
| Niðurfellt | 415.746.004 | 103.240.501 | 312.505.503 |
| Alls | 863.808.762 | 214.740.751 | 649.068.011 |
| 2022 | | | |
| | Heildarupphæð | Afsláttur | Greitt/ógreitt |
| Greitt | 514.304.000 | 128.416.500 | 385.887.500 |
| Niðurfellt | 771.037.000 | 192.630.250 | 578.406.750 |
| Alls | 1.285.341.000 | 321.046.750 | 964.294.250 |